



Lúxemborg, 21. apríl 2021

FRÉTTATILKYNNING 05/2021

Dómur í máli E-2/20 norska ríkið gegn L

BROTTVÍSUN OG VARANLEGT ENNDURKOMUBANN

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit við spurningum sem bárust frá Áfrýjunardómstóli Borgarþings (*Borgarting lagmannsrett*) í máli norska ríkisins gegn L, þar sem óskað var álits á því hvernig túlka beri 27., 28. og 32. gr. tilskipunar 2004/38/EB um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna („tilskipunin“).

Málið varðaði lögmæti ákvörðunnar um að brottvísa skuli finnskum ríkisborgara, L, og ákvarða honum varanlegt endurkomubann. L hefur verið búsettur í Noregi síðan 1998 og á sambúðarmaka og þrjú börn í Noregi. Hann hefur verið dæmdur fyrir ýmsa refsiverða verknaði í Noregi. Árið 2012 var hann dæmdur til 11 ára fangelsisvistar fyrir innflutning fíkniefna. Ákvörðunin sem um ræðir var tekin árið 2016 og var honum veitt reynslulausn árið 2019.

Áfrýjunardómstóll Borgarþings bar fimm spurningar fyrir EFTA-dómstóllinn varðandi túlkun á ákvæðum tilskipunarinnar sem allar lutu að skilyrðum þess að vísa á brott ríkisborgara annars EES-ríkis með varanlegu endurkomubanni. Nánar tiltekið var sóst eftir skýringu á því hvort varanlegt endurkomubann sé í andstöðu við tilskipunina. Þá var Dómstóllinn beðinn um að skýra hvert inntak hugtaksins „verulegar breytingar“ á aðstæðum sé í skilningi tilskipunarinnar. Loks var Dómstóllinn beðinn um að túlka þá kröfu tilskipunarinnar að brottvísun skuli vera í samræmi við meðalhófsregluna og að hvaða marki beri að ljá því vægi, að refsiverð brot séu ekki framin á meðan á afplánun stendur og að jákvæð þróun eigi sér stað í kjölfar reynslulausnar, við mat á því hvort um sé að ræða „raunverulega, yfirvofandi og nægilega alvarlega ógnun“ í skilningi 27. gr. tilskipunarinnar.

EFTA-dómstóllinn taldi að varanlegt endurkomubann sé ekki í andstöðu við tilskipunina ef skilyrðum 27. og 28. gr. tilskipunarinnar væru uppfyllt og að fella megi endurkomubannið úr gildi á grundvelli 32. gr. Þá taldi EFTA-dómstóllinn að brottvísun skuli ekki ákveða ef EES borgarinn hefur haft búsetu í girtiríkinu lengur en í tíu ár nema sú ákvörðun sé tekin á grundvelli brýnna ástæðna er varða almannaoöryggi, og þá einungis ef framferði einstaklingsins yrði talið fela í sér sérstaklega alvarleg ógn við einhverja af grundvallarhagsmunum samfélagsins. Lengd endurkomubanns skal þá vera nauðsynlegt til að vernda þessa grundvallarhagsmuni samfélagsins og vera í samræmi við meðalhófsregluna.

Þá taldi dómstóllinn að hafi viðkomandi einstaklingur sýnt góða hegðun á meðan á afplánun stóð og að jákvæð þróun eigi sér stað í kjölfar reynslulausnar ásamt því að hafa aðlagast samfélaginu mæli það gegn því að framferði einstaklings yrði talin fela í sér yfirvofandi ógn við almannaoöryggi.

Þá taldi dómstóllinn að taka þyrfti fjölskylduhagi með inn í reikninginn við ákvörðunina enda beri að gæta að meðalhófsreglunni, mannréttindum og hagsmunum barna. Sem lið í heildarmati á framferði einstaklingsins beri því að huga að vægari úrræðum en brottvísun.

Loks taldi Dómstóllinn að inntak hugtaksins „verulegar breytingar“ tengdist þeim upphaflegu aðstæðum sem ákvörðunin byggði á. Breyting á aðstæðum getur talist veruleg ef þær aðstæður sem réttlættu ákvörðun um endurkomubann eru ekki lengur fyrir hendi. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að veruleg breyting á framferði hlutaðeigandi einstaklings muni ekki eiga sér stað og meta þarf hvert og eitt mál fyrir sig. Taka þarf tillit til allra aðstæðna sem geta veitt sönnun þess að slík veruleg breyting hafi átt sér stað, sem yrði einungis reist á framferði hlutaðeigandi einstaklings og þeirri ógn sem framferði hans er talin við samfélagið.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.